



## Skipulags,- byggingar, og veitunefnd (SBV)

Fundur haldinn í skipulags,- byggingar- og veitunefnd Blönduóssbæjar þriðjudaginn 9. janúar 2007 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33. Mættir eru undirritaðir.

Formaður, Zophonías Ari Lárusson setti fundinn og stjórnaði honum. Ragnar Ingi Tómasson ritaði fundargerð.

### Erindi og afgreiðslur:

1. Brautarhvammur, tillögudrög að deiliskipulagi.  
Sólveig Olga Sigurðardóttir starfsmaður Verkfræðistofunnar Stoðar ehf. kynnti drögin og skýrði hugmyndir og einstök atriði. Fundarmenn komu með fyrirspurnir sem Sólveig svaraði jafnóðum og ýmsar ábendingar komu líka fram. Fram kom að beiðnir um umsögn hafa verið sendar Vegagerðinni vegna veltenginga við Þjóðveg 1 og Fornleifavemd vegna hugsanlegra fornminja á svæðinu. Ágúst Þór Bragason þurfti að víkja af fundi.

### Afgreiðsla.

Nefndin lýsir ánægju sinni með tillögum og sendir þær með fundargerðinni til bæjarstjórnar til kynningar.

2. Fornleifaskráning, drög að skráningarstöðum og leiðbeiningum og bréf vegna Fjölskyldu og skemmtigarðs á Blönduósi.

### Afgreiðsla.

Eyjólfur Þór byggingarfulltrúi kynnti drögin og bréfið. Fram kom að með nýlegum lögum er lögð aukin áhersla á fornleifarannsóknir á svæðum er líkleg eru til að verða fyrir raski vegna framkvæmda. Skipulags,- byggingar- og veitunefnd gerir það að tillögu sinni að þessar rannsóknir verði hafnar og til þess markað fjármagn svo að ekki komi til tafa við framkvæmdir vegna þessa.

3. Erindi. Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn vegna leyfis samkvæmt lögum nr. 67/1985 um veitinga og gististaði. Erindið er vegna veitingastofu/greiðasölu í Essoskálanum.

### Afgreiðsla.

Nefndin samþykkir erindið og er byggingarfulltrúa falið að ganga frá svari.

Formaður óskaði eftir því að upp yrði tekinn liðurinn önnur mál. Fundurinn samþykkti það.

Önnur mál.

- a. Sýslumaður óskar eftir umsögn vegna leyfis samkvæmt lögum nr 67/1985 um veitinga og gististaði en þar sækir Kári Kárasón f.h. Knattspyrnudeildar Hvatar kt. 650169-6629 um leyfi til að reka veitingastofu, greiðasölu og félagsheimili að Húnabraut 6.

### Afgreiðsla.

Nefndin samþykkir erindið og er byggingarfulltrúa falið að ganga frá svari.

- b. Erindi frá Hirti Karli Einarssyni sem sækir um fyrir hönd 2 Átta ehf. um framkvæmdaleyfi vegna Fjölskyldu- og skemmtigarðs, afþreyingargarðs.

### Afgreiðsla.

Nefndin staðfestir bréf útgefið af skipulags og byggingarfulltrúa dags. 7. desember 2006 til skipulags- og byggingarnefndar með þeim fyrirvörum sem í bréfinu eru og leggur til að framkvæmdaleyfi verði veitt í samræmi við tillögu skipulags- og byggingarfulltrúa.



Fundargerð upplesin og samþykkt

Zophonías Ari Lárusson, formaður  
Þorgils Magnússon  
Eyjólfur Þórarinsson, byggingarfulltrúi  
Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri  
Sólveig O. Sigurðardóttir, starfsm. Stoðar ehf.

Fundi slitið kl. 19,36

Ragnar Ingi Tómasson, ritari